



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

1. maí 2010

Netföng: skrifstofa@vifa.is og vifa@vifa.is • Heimasíða: www.vifa.is



Samningur við Norðurál

Kjarasamningar tókust milli Norðuráls Grundartanga ehf. annars vegar og FIT, VLFA, Stéttarfélag Vesturlands, VR og RSÍ hins vegar, kl. 01:30 aðfararnótt 20. apríl. Fundur hafði þá staðið í tæpa 15 klukkutíma. Samningurinn gildir til 31. desember 2014.

Meginkröfur náðust fram

Meginkröfur stéttarfélaganna náðust fram í þessari mjög erfiðu kjaradeilu. Samningurinn mun gefa starfsmönnum á 1. ári 11,2% launahækkun, en inni í þeirri tölu er eingreiðsla upp á kr. 150.000 sem verður til greiðslu í maí 2010.

Heildarlaun vaktavinnumanna á 5 ára taxta í dag með öllu eru kr. 406.418. Þau munu hækka í kr. 439.418 eða sem nemur kr. 33.000 á mánuði. Laun eru að hækka um kr. 30.000 og upp í tæpar 34.000 kr. á mánuði. Samningurinn mun gilda frá 1. janúar 2010 til 31. desember 2014. Hafa ber það í huga að launaliðurinn verður laus um næstu áramót og verður þá samið um hvernig þróun launaliða skuli háttað á samningstímanum.

Verkfallsréttur

Eitt gríðarlega mikilvægt atriði náðist fram í þessum kjarasamningum, en það var að nú hafa starfsmenn Norðuráls öðl-

ast verkfallsrétt eins og flestir aðrir launþegar þessa lands. Í kjarasamningum frá árinu 1998 var þannig búið um hnútana að starfsmenn Norðuráls höfðu ekki slíkan rétt. Nú er, eins og áður sagði, búið að ná þessum rétti aftur inn og var það ekki átakalaust.

Sáttur með samninginn

„Á heildina litið er ég mjög sáttur með þennan samning,“ segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

„Það náðust fram allflestar meginkröfur okkar eins og áður hefur komið fram. Þessi barátta hefur staðið yfir frá 30. október 2009 eða í tæpt hálf ár og er ein sú alerfiðasta kjaradeila sem ég hef tekið þátt í að leysa frá því ég tók við formennsku í Verkalýðsfélagi Akraness. Og ég vill fyrir hönd samninganefndarinnar þakka starfsfólki Ríkissáttasemjara fyrir frábær störf.

Það er alveg ljóst að þar er mikið fagfólk á ferð enda voru öll vinnubrögð af hálfu starfsfólksins og sáttasemjara til mikillar fyrirmyndar í þessari erfiðu deilu,“ segir Vilhjálmur Birgisson “Kynning á samningnum hefur staðið yfir og þegar Fréttabréf VLFA fór í prentun var áætlað að þeim lyki þriðjudaginn 27. apríl.

Verkalýðsfélag Akraness
sendir öllum félagsmönnum árnaðaróskir
á baráttudegi verkafólks.
Stöndum vörð um réttindi okkar!



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélags Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 8:00-16:00. Utan afgreiðslutíma er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865 1294.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is

Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is

Auður Finnbogadóttir
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is



Nr. 10 | 6. árgangur | 1. maí 2010

Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sími: 430 9900 Fax: 430 9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm.: Vilhjálmmur Birgisson
Hönnun: Aðalsteinn S. Sigfússon
Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentmet Vesturlands



Ávarp formanns

Kæru félagar

Sjálfsgætt er vorið 2010 með hörðustu vorum sem almenningur í þessu landi hefur mátt þola. Greiðsluþol almennings er löngu sprungið. Hvert sem lítið er blasa við hækkunir á flestum nauðþurftum, bensínlítrinn kominn yfir 200 krónur og hefur á einu ári hækkað um 65 krónur sem þýðir útgjaldaaukningu á meðalbil um 120 þúsund krónur á ári. Matvara hefur hækkað gríðarlega á undanförunum tveimur árum eða sem nemur 38% frá ársbyrjun 2008. Það þýðir greiðsluaukningu fyrir 4 manna fjölskyldu á ársgrundvelli upp á 456 þúsund krónur og er þetta eingöngu það sem lýtur að matarinnkaupum.

Á sama tíma hafa sveitarfélög verið að hækka gjaldskrár töluvert að undanförunum og ríkið hefur aukið skattbyrði bæði í beinum og óbeinum sköttum. Og þessu til viðbótar hefur greiðslubyrði almennings vegna íbúða- og bílakaupa nánast stökkt breyst vegna gengishruns krónunnar og þess mikla verðbólguþröskots sem varð á síðasta ári. Í sumum tilfellum hafa gengistryggð íbúða- og bílalan hækkað yfir 100%.

Að axla ábyrgð

Á meðan þessar gríðarlegu hækkunir dynja á landsmönnum hafa laun lækkað töluvert og nægir að nefna í því samhengi þegar samninganefnd ASÍ gekk frá frestun á umsömdum launahækkunum á hinum almenna vinnumarkaði en með þeirri frestun voru hafðar af launafólki vel á annað hundrað þúsund krónur. Þessu hefur Verkalýðsfélag Akraness mótmælt frá upphafi enda gengur ekki upp að gera stöðugleikasáttmála sem einungis er fölginn í því að þvinga launafólk til að fresta og afsala sér sínum launum á meðan ríki, sveitarfélög, verslunareigendur og aðrir þjónustuaðilar varpa sínum vanda viðstöðulaust út í verðlagið. Þetta getur vart talist stöðugleiki þegar öllum vandanum er varpað yfir á herðar almennings.

Við höfum mátt axla meira en eðlilegt getur talist. Nú verða íslensk stjórnvöld, bankakerfið, verslunareigendur, sveitarfélög og aðrir þjónustuaðilar að axla sína ábyrgð.

Með baráttukveðju,
Vilhjálmur Birgisson

Stjórn málin og Verkalýðshreyfingin

Formaður VLFA flutti ræðu á fundi sem Hagsmunasamtök heimilanna og Nýtt Ísland stóðu fyrir á Austurvelli í janúar sl. Í ræðu sinni fjallaði formaður m.a. um pólitísk tengsl Verkalýðshreyfingarinnar, stöðugleikasáttmálann, lífeyrissjóðsmál og Icesave:

„Ég vil byrja á því að upplýsa að sá sem hér stendur tilheyrir ekki neinum stjórn málaflakki, enda er það mín skoðun að forystumenn í verkalýðshreyfingunni eigi ekki undir nokkrum kringumstæðum að vera eyrnamerkir einhverjum einum ákveðnum stjórn málaflakki. Enda eru forystumenn í Verkalýðshreyfingunni að vinna fyrir félagsmenn sem tilheyra öllum stjórn málaflakki.“

Í ræðunni lagði formaður áherslu á að verkalýðshreyfingin yrði að vera hafin yfir allan vafa hvað varðar traust og trúverðugleika en það væri hún ekki á meðan stuðningsmenn ákveðinna stjórn málaaflla notuðu verkalýðshreyfinguna til að koma flokkspólitískum málum á framfæri.

„Með öðrum orðum, verkalýðshreyfingin á að vinna að málefnum er lúta að hagsmunum launafólks, algerlega óháð því frá hvaða stjórn málaöflum slík málefni koma,“ sagði Vilhjálmmur Birgisson formaður VLFA.

1. maí á Akranesi!

Verkalýðsfélag Akraness, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, VR, FIT, Félag iðn- og tæknigreina, Kennarasamband Íslands og Sjúkraliðafélag Íslands standa fyrir dagskrá á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí

Safnast verður saman við Kirkjubraut 40 kl. 14:00 og genginn hringur á Neðri-Skaga. Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal Verkalýðsfélags Akraness á 3. hæð að Kirkjubraut 40.

- **Ræðumaður dagsins:**
Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness
- Kvinnakórinn Ymur og Grundartangakórinn syngja nokkur lög
- Kaffiveitingar
- **Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15:00**

Félagsmenn fjölmennið!

1. maí nefndin



Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000



Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

Fjárhagslega sterkt og sjálfstætt félag

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn síðasta vetrardag, 21. apríl í Gamla Kaupfélaginu. Á fundinum fór formaður félagsins yfir starfsemi og verkefni félagsins frá síðasta aðalfundi og endurskoðendur kynntu afkomu félagsins. Það er skemmst frá því að segja að afkoma félagsins var afskaplega góð á síðasta ári eins og reyndar á undanförunum árum, en heildar-

rekstrarafgangur samstæðunnar var tæpar 100 milljónir. Félagið tapaði ekki einni einustu krónu vegna efnahagshrunsins þar sem allir fjármunir félagsins hafa ávallt verið ávaxtaðir með besta og tryggasta hætti sem mögulegt er hverju sinni.

Endurskoðendur félagsins fóru yfir ársreikninga félagsins og í yfirferð þeirra

kom m.a. fram að allir sjóðir félagsins skila rekstrarafgangi. Það er gríðarlega mikilvægt að rekstur félagsins skuli vera með þessum hætti því fjárhagslega sterkt og sjálfstætt félag er engum háð og betur í stakk búið til að styðja við sína félagsmenn og berjast fyrir réttindum þeirra af öllum kröftum.

Hátt í helmings fjölgun félaga

Í skýrslu stjórnar fór formaður yfir þær umfangsmiklu breytingar sem hafa orðið á Verkalýðsfélagi Akraness á undanförunum árum. Ekki aðeins fjárhagslega heldur einnig félagslega. Félagsmönnum hefur t.a.m. fjölgað mjög ört undanfarin ár og eru núna tæplega 3.000 talsins en voru rúmlega 1.600 þegar ný stjórn tók við árið 2003. Einnig hefur þjónusta við félagsmenn tekið algjörum stakkaskiptum.

Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með starfsemi félagsins og gerir slíkt ekkert annað en að efla stjórnir og starfsmenn félagsins enn frekar til dáða.



Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn síðasta vetrardag, 21. apríl í Gamla Kaupfélaginu.

Yfirgnæfandi meirihluti vill aukið lýðræði við stjórnarval í lífeyrissjóðunum

Á ársfundi ASÍ í október á síðasta ári lagði stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness fram tillögu um breytingu á fyrirkomulagi við stjórnarval í lífeyrissjóðum. Tillagan gekk út á að stórauka lýðræðið við stjórnarval þar sem allir stjórnarmenn yrðu kosnir beinni kosningu af sjóðsfélögum. Núverandi fyrirkomulag er með þeim hætti að atvinnurekendur skipa helming stjórnarmanna og verkalýðshreyfingin kys hinn helminginn.

Tillaga Verkalýðsfélags Akraness á ársfundinum var kolfelld með atkvæðum 79,3% fundargesta. Hins vegar var samþykkt að efna til stefnumótunarfundar ASÍ um lífeyrismál þar sem stefna ASÍ yri

yfirfarin og endurskoðuð og skilgreint hver skuli vera samningsmarkmið ASÍ við SA um lífeyrismál.

Skoðanakönnun VLFA

Af því tilefni ákvað Verkalýðsfélag Akraness að láta Capacent Gallup gera könnun á því hvort vilji væri til að breyta fyrirkomulagi við stjórnarval í lífeyrissjóðunum. Þessi könnun var framkvæmd dagana 3. til 10. febrúar og var úrtakið 1.175 manns. Spurt var: „Ert þú hlynnt(ur) því eða andvíg(ur) að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum í lífeyrissjóðum þannig að stjórnarmenn verði að vera sjóðsfélagar og sjóðsfélagar sjálfir kjósi alla stjórnarmenn beinni kosningu?“

Fjöldi svarenda var 836 sem er svarhlutfall upp á 71,1%. Það er skemmst frá því að segja að yfirgnæfandi meirihluti er hlynntur því að tekið verði upp nýtt fyrirkomulag við stjórnarval í

lífeyrissjóðum eða sem nemur 71,5% en einungis 7,8% voru því andvígir. 20,6% sögðust hvorki vera hlynntir né andvígir.

Skiptar skoðanir

Það er augljóst að afgangur af ársfundar Alþýðusambands Íslands á tillögu Verkalýðsfélags Akraness er í algjörrri andstöðu við niðurstöðu könnunar Capacent Gallup. 79% ársfundarmanna voru andvígir tillögunni sem Verkalýðsfélag Akraness lagði fram á ársfundinum. 71,5% svarenda könnunar Capacent Gallup eru fylgjandi breytingum á stjórnarvali í lífeyrissjóðum. Það hlýtur því að vera augljóst að þessi niðurstaða mun vekja forystu Alþýðusambands Íslands til umhugsunar um að vilji hins almenns sjóðsfélaga er að stóraukið verði lýðræði við stjórnarval í lífeyrissjóðum og hætt verði með svokölluð helmingaskipti sæta í stjórn lífeyrissjóða á milli launþega og atvinnurekenda.

www.vlfa.is

Orlofshúsabæklingur og nýr félagavefur

Árlegur vorboði, orlofshúsabæklingur vegna sumarúthlutunar 2010, barst inn um lúgur félagsmanna Verkalýðsfélags Akraness og rann frestur til að skila inn umsóknum 12. apríl. Í ár gafst félagsmönnum einnig kostur á að skila umsóknum á nýjum félagavef og barst um helmingur umsókna á þann hátt. Félagavefurinn hefur verið í þróun


undanfarið og þar er nú mögulegt að skoða iðgjaldsögu, punktastöðu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja og úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Jafnframt býður félagavefurinn upp á upplýsingar um stöðu orlofshúsa og einnig er hægt að sækja um, bóka og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti. Veflyklar voru sendir öllum fél-

agsmönnum í lok mars. Vonast er til að þessi viðbótarþjónusta nýtist félagsmönnum sem best á næstu árum. Vinsamlegast hafið samband við starfsfólk skrifstofu ef aðstoðar er þörf, eða ef spurningar vakna við notkun félagavefsins.

Spennandi nýjungar

Í sumar eru fleiri spennandi nýjungar í boði fyrir félagsmenn. Útilegukortið 2010, Veidikortið 2010 og gistimiðar á Hótel Eddu fást með 50% afslætti á skrifstofu félagsins. Sala á Veidi- og Útilegukortinu fór mjög vel af stað og er svo komið að Veidikortið er uppselt, þrátt fyrir að pantaður væri aukaskammtur. Enn eru samt til Útilegukort og gistimiðar á Edduhótelin.

Athygli er vakin á því að ekki verður hægt að fá endurgreiðslu vegna korta sem keypt eru annars staðar, eingöngu er hægt að veita afsláttinn á kort sem seld eru á skrifstofu.



Staðið við samning

Í upphafi árs birti Verkalýðsfélag Akraness áskorun í bæjarblöðunum á Vesturlandi þar sem skorað var á öll fjárhagslega vel stæð fyrirtæki að standa við þann samning sem gerður var 17. febrúar 2008. Eins og flesta rekur minni til gekk samninganefnd ASÍ frá samkomulagi við Samtök atvinnulífsins um frestun á launahækkunum sem áttu að taka gildi 1. janúar til 1. júní á þessu ári. Í kjölfarið tilkynntu tvö fyrirtæki á Vesturlandi að þau myndu standa við þessa hækkun, HB Grandi og hrognavinnsla Vignis G. Jónssonar. Þetta þýðir að starfsmenn þessara fyrirtækja hafa ekki orðið af vel á annað hundrað þúsunda króna vegna þess samkomulags sem ASÍ gerði við SA. Þær hækkunarir sem um ræddi í byrjun árs voru 6.500 kr. hækkun á launatöxtum og 2,5% launahækkun á kaupliði. Einnig eiga þeir sem ekki starfa eftir launatöxtum að fá 2,5% hækkun.

Formaður VLFA ítrekar þakklæti til áður nefndra fyrirtækja og skorar jafnframt á önnur vel stæð útflutningsfyrirtæki að gera slíkt hið sama.

Sendum félagsmönnum VLFA kveðju í tilefni af 1. maí

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ | Dalbraut 6 | Sími 431 1500

HARÐARBAKARÍ | Kirkjubraut 54 | Sími 431 2399

SMURSTÖÐ AKRANESS | Smiðjuvöllum 2 | Sími 431 2445

HÁRHÚS KÖTLU | Stíllholti 14 | Sími 431 3320

RAMMAR OG MYNDIR | Skólabraut 27 | Sími 431 1313

SJÓNGLERIÐ | Skólabraut 25 | Sími 431 1619

VERSL. EINAR ÓLAFSSON | Skagabraut 9-11 | Sími 431 2015



Ásmundur Uni Guðmundsson heiðraður

Á árlegum jólafundi trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness í lok síðasta árs heiðraði stjórn félagsins gamlan baráttumann félagsins, Ásmundur Una Guðmundsson, en hann hefur verið viðriðinn stjórn félagsins með einum eða öðrum hætti frá árinu 1965.

Ályktun um sjómannaafsláttinn

Á aðalfundi sjómannadeildar Verkalýðsfélags Akraness í lok liðins árs var samþykkt ályktun vegna áforma ríkisstjórnar Íslands um að afnema sjómannaafsláttinn.

Í ályktuninni segir meðal annars:

Aðalfundur sjómannadeildar hvetur alla sjómenn til að standa þétt saman í því að koma í veg fyrir þessi áform og mun sjómannadeild Verkalýðsfélags Akraness ekki skjóta sér undan þeirri ábyrgð ef samstaða næst um aðgerðir til varnar sjómannaafsláttinum.

www.vlfa.is



Alþingishúsið við Austurvöll. Mynd: K.K.

Svik við lágtekjufólk

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið í nýlegum skattatillögum að standa ekki við það samkomulag sem gert var við verkalýðshreyfinguna árið 2006 um að persónuafslátturinn skyldi verða verðtryggður. Stefán Ólafsson prófessor, hefur margoft bent á það að eitt mikilvægasta réttindamál lágtekjufólks sé að persónuafslátturinn sé verðtryggður. Það er í raun og veru með ólíkindum að ríkisstjórn sem kennir sig við félagshyggju, jöfnuð og velferð skuli taka ákvörðun um að hverfa frá þessu samkomulagi sem fyrri ríkisstjórn gerði um verðtryggingu persónuafsláttar. Þetta hefur verið eitt aðalbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar í fjöldamörgum ár að tryggja að persónuafslátturinn sé verðtryggður. Persónuafslátturinn er í dag 42.205 kr. Samkvæmt samkomulagi sem gert var

við ríkisstjórn Íslands 17. febrúar 2008 þá ætti persónuafslátturinn að hækka úr 42.205 kr. upp í 47.581 kr. sé gert ráð fyrir því að verðbólgan síðustu 12 mánuði hafi verið í kringum 8%. Hins vegar hefur ríkisstjórnin tilkynnt að persónuafslátturinn muni hækka um 2.000 kr. eða upp í 44.205 kr. Á árinu 2011 átti síðan að koma þriggja þúsunda króna hækkun á persónuafsláttinn og einnig breytingar á hækkun á vísitölunni á árinu 2010. Það er mat formanns Verkalýðsfélags Akraness að hér sé ríkisstjórn Íslands að svíkja íslenskt verkafólk illilega enda mun afnám verðtryggingar á persónuafsláttinum koma illa niður á lágtekjuhópnum. Eins og skattatillögurnar eru núna uppsettar þá bendir margt til þess að skattar muni hækka á öll heimili þessa lands og einnig á þá tekjulægstu.

Vinnumálastofnun vantar aukinn mannskap

Þess eru dæmi að það geti tekið allt að 4-6 vikur fyrir einstaklinga sem misst hafa atvinnu að fá greiðslu úr atvinnuleysistryggingasjóði. Það er með öllu óásættanlegt að þetta skuli taka svona langan tíma en ástæðan fyrir þessu skapast af undirmönnun hjá Vinnumálastofnun vítt og breitt um landið. Sem dæmi þá eru starfandi jafnmargir starfsmenn á Vinnumálastofnun hér á Akranesi og fyrir 3 árum síðan þegar það voru rúmlega 80 manns á atvinnuleysisráði en í byrjun febrúar sl. voru tæplega 600 manns skráðir

atvinnulausir. Álagið sem er á starfsfólki Vinnumálastofnunar er mikið og það er skylda ríkisstjórnar Íslands að skapa Vinnumálastofnun viðunandi rekstrarumhverfi. Þótt starfsfólk sinni starfi sínu af kostgæfni kemst það ekki yfir þau verkefni sem liggja fyrir. Það er ólíðandi að fólk sem að missir atvinnu sína skuli þurfa að bíða jafnlengi eftir afgreiðslu sinna mála hjá atvinnuleysistryggingasjóði og raun ber vitni. Því er krafan sú að starfsfólki Vinnumálastofnunar verði fjölgað án tafar.

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí



Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir félagsmönnum
baráttukveðju
í tilefni dagsins.

Stöndum vörð
um réttindi verkafólks!

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrúkur
Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Vestmannaeyjar

PACTA

L Ö G M E N N

Markmið Pacta er að veita viðskiptavinum um land allt gæða lögmannsþjónustu og ráðgjöf, byggða á þekkingu, trausti og áreiðanleika sem skili sér í faglegum og heiðarlegum vinnubrögðum.



Jón Haukur Hauksson hdl.
jonhaukur@pacta.is

Kirkjubraut 12 | 300 Akranes | sími 440 7900 | www.pacta.is

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí

